

EFTIRLITSSKÝRSLA

Reykjagarður Ásmundarstöðum



Dags eftirlits	6.4.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Reykjagarður	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Ásmundarstaðir	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6509032180	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús Huldar Ingþórsson	ÍSAT nr.	01.47.1
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhanna Hilmarsd	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sett er fram eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi og lögum og reglugerðum varðandi útreikning eða mælingu á losun samkvæmt BAT niðurstöðum. Tvær ábendingar eru gerðar varðandi skráningar samkvæmt 4. gr. í starfsleyfinu og frágang húsa- og neyslugeyma á svæðinu.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirliti var farið í reglubundið eftirlit í pauleldi Reykjagarðs að Ásmundarstöðum. Fulltrúar rekstraraðila voru Magnús Ingþórsson, Jóhanna Hilmarsdóttir og frá VSÓ Bryndís Skúladóttir en Kristín Kröyer og Hulda Jónasdóttir mættu frá Umhverfisstofnun.

Rekstraraðili er með starfsleyfi sem gefið var út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands þann 23. September 2010 og gildir til 23. September 2022. Umsókn um nýtt starfsleyfi hefur borist stofnuninni.

Eldið samanstendur af stofnbúi með 23 000 fuglastæði og uppeldisbúi með 156 800 fuglastæði. Samtals 23 hús undir eldið auk skrifstofu- og þjónustuhúsa.

Boðuð dagskrá:

1. Niðurstöður síðasta eftirlits
2. Grænt bókhald
3. Kvartanir
4. Umfang starfseminnar
5. Gangsetning og stöðvun rekstrar
6. Stjórnvaldssektir (til upplýsingar)
7. Eftirlit (4.gr í starfsleyfi)
8. Loftmengun (BAT-AEL)
9. Áhættumat
10. Umsókn um nýtt starfsleyfi
11. Annað

Niðurstöður síðasta eftirlits

Ekki voru sett nein frávik við síðasta eftirlit en ein ábending var sett fram um að sækja þurfi um nýtt starfsleyfi sem þegar hefur verið gert.

Grænt bókhald

Grænu bókhaldi hefur verið skilað fyrir árið 2020 en ekki fyrir 2021. Útstreymisbókhaldi hefur verið skilað fyrir bæði 2020 og 2021.

Kvartanir

Engar kvartanir vegna rekstursins hafa borist til stofnunarinnar undanfarið ár og hefur rekstraraðili ekki tekið á móti neinum kvörtunum.

Umfang starfseminnar

Árið 2021 voru að meðaltali um 23 000 varphænur og 82 000 eldisfuglar sem er innan marka í starfsleyfi.

Gangsetning og stöðvun rekstrar

Fyrir eftirlitið sendi stofnunin drög að áætlun um stöðvun rekstrar sem rekstraraðili getur notfært sér í gerð eigin áætlana. Áætlun um tímabundna og varanlega stöðvun rekstrar er til staðar og engar athugasemdir voru gerðar við áætlunina í eftirlitinu.

Stjórnvaldssektir

Fyrir eftirlitið sendi stofnunin upplýsingar um að stofnunin hafi nú heimildir til álagningar stjórnvaldssekta vegna ákveðinna brota gegn lögum nr 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Eftirlit (4.gr starfsleyfi)

Í eftirlitinu var lögð áhersla á að fylgja eftir ákvæðum í 4.1 gr. Starfsleyfisins þar sem farið er fram á að fyrirtækið haldi eftirlitsskýrslur og dagbók þar sem skráð er sbr. Lið a-h í starfsleyfinu.

- Framleiðslumagn: Árið 2021 voru að meðaltali í búinu um 23 000 stofnfuglar og 82 000 eldisfuglar.
- Fóðurnotkun: að meðaltali er notað 1,9 kg af fóðri fyrir hvert kg af tilbúnu kjöti. Ekki er hægt að rekja nákvæmar magntölur á fóðri fyrir hvert eldishús en fóðursendingar eru rekjanlegar í hvaða hús hver sending fer. Í stofnhúsin er allt magn fóðurs skráð fyrir hvert hús. Allt fóður er keypt frá Danmörku og eru keyptar tvær tegundir fóðurs fyrir stofnfuglana og þrjár tegundir fóðurs fyrir eldisfuglana. Tegundir fóðurs sem eru notaðar fer eftir lífsskeiði dýranna.
- Gæðaathuganir: Rekstraraðili hefur metið sem svo að ekki sé þörf á að framkvæma eigin gæðaathuganir á fóðri.
- Vatnsnotkun: Vatnsmælar vegna vatnsnotkunar dýranna eru á hverju húsi og er vatnsnotkun skráð daglega í eldissskýrslur.
- Rekstur hreinsibúnaðar: Ekki er haldin dagbók um viðhald hreinsibúnaðar fyrir hvert hús á annan hátt en það sem fram kemur á reikningum frá verkötum. Eftir hverja eldislotu eru húsin þrífín og það sem betur má fara er lagfært, ekki eru til viðhaldsáætlanir eða annað slíkt. Seyra er tæmd árlega.
- Innkaup efna og lyfja sem geta orðið að spilliefnum: Engin lyf eða hreinsiefni eru geymd á búinu. Dýralæknir skráir lyfjanotkun í eldissskýrslur. Þrífaverktakar taka með sér hreinsiefni til notkunar og senda yfirlit yfir notuð hreinsiefni á reikningnum.

Loftmengun (BAT-AEL)

Í eftirlitinu var rætt um BAT-AEL eða losunargildi sem tengjast bestu fánlegu tækni. Í BAT niðurstöðunum fyrir þaueldi eru settar fram 3 töflur yfir losunargildi og heildarmagn sem mikilvægt er að rekstraraðili skoði og geri sér grein fyrir. Til þess að uppfylla þessi skilyrði þarf að framkvæma útreikninga eða mælingar í samræmi við BAT. Ekki er víst að þeir útreikningar sem gerðir eru í losunarbókhaldinu séu samanburðarhæfir við þá sem framkvæma þarf skv BAT. Og eru niðurstöður losunarbókhaldsins einnig talsvert langt yfir leyfilegri losun samanber BAT.

Áhættumat

Í áhættumati til ákvörðunar á hversu oft skal koma í eftirlit sem gert var árið 2021 kom fram að fara skuli fram árlegt eftirlit. Í eftirlitinu var farið yfir áhættumatið með rekstraraðila en nýtt áhættumat verður gert á haustmánuðum áður en fyrir liggur áætlun Umhverfisstofnunar um eftirlit næsta árs.

Umsókn um nýtt starfsleyfi

Umsókn um nýtt starfsleyfi hefur borist stofnuninni. Í eftirlitinu var rætt um umsóknarferlið og möguleg vandamál vegna matsskyldu fyrirspurnar til Skipulagsstofnunar. Í samræmi við upplýsingar frá Skipulagsstofnun er ekki talin þörf á að gera nýja fyrirspurn. Umhverfisstofnun heldur því áfram yfirferð sinni á innkominni umsókn og vinnu við gerð starfsleyfistillögu.

Annað

Húsdýraáburður er eingöng fjarlægður út úr húsunum á milli eldislota og settur beint í lokaða gáma. Gámunum er ekið af svæðinu samdægurs og til móttakanda. Engum áburði er dreift á svæðinu.

Við flest eldishúsin eru staðsettir einfaldir eins rúmmetra húsageymar ætlaðir til kyndingar. Á svæðinu er einnig staðsettur einn einfaldur neyslugeymir með áfastri eldsneytisdeilu.

Húsa- og neyslugeymar á svæðinu eru búnir ófullnægjandi árekstrarvörnum. Staurar hafa verið reknir niður í mölina í kringum geymana. Það er mat stofnunarinnar að fullnægjandi árekstrarvarnir séu ekki til staðar.

Húsa- og neyslugeymar á svæðinu eru einnig búnir ófullnægjandi lekavörnum. Samkvæmt lýsingu rekstraraðila hefur verið lagður dúkur undir mól sem geymarnir standa á. Er það mat stofnunarinnar að það sé ekki ásættanleg lekavörn þar sem ekki er hægt að fylgjast með vatnsmagni sem safnast í lekavörnina.

Frávik frá

Lýsing á frávik

40. gr í lögum 7/98 um hollustuhætti og mengunarvarnir samanber 16. liður 5. gr í reglugerðar 935/2018 um BAT

Rekstraraðili framkvæmir ekki mælingar eða útreikninga á losun frá starfseminni í samræmi við töflur 1.1, 1.2 og 3.1 í BAT niðurstöðum sem gilda fyrir starfseminna.

ÁBENDINGAR

Þörf er á að endurskoða hvort rekstraraðili sé að skrá í rekstrardagbók alla þá þætti sem skulu skráðir samanber 4. gr. starfsleyfis.

Þörf er á að endurskoða árekstrarvarnir og lekavarnir kring um húsa- og neyslugeyma á svæðinu og tryggja að þeir uppfylli kröfur í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 09.06.2022

Kristín Kröyer

